

Stofnanasamningur

Vinnumálastofnun (VMST) annars vegar og Félag íslenskra félagsvísindamanna, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga, Fræðagarður, Þroskajálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands, hins vegar gera með sér eftirfarandi stofnanasamning skv. ákvæðum kjarasamnings félaganna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til félagsmanna í ofangreindum aðildarfélögum BHM sem ráðnir eru hjá Vinnumálastofnun.

2. Markmið samningsins og leiðir að markmiðum

2.1. Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- 2.1.1. Að tryggja stofnuninni hæft starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi.
- 2.1.2. Að tryggja starfsmönnum laun við hæfi og að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram sameiginlegum markmiðum starfsmanna og stofnunar.
- 2.1.3. Að launakerfið sé gagnsætt.
- 2.1.4. Að launakerfið sé starfsmönnum hvatning í starfi og feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í launum.
- 2.1.5. Að ákvarðanir í launamálum séu teknar með málefnalegum hætti og að jafnræðis sé gætt við launaákvarðanir.
- 2.1.6. Að launakerfið og framkvæmd þess stuðli að jöfnum kjörum karla og kvenna.
- 2.1.7. Að launakerfið og framkvæmd þess stuðli að jöfnum kjörum starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu jafnt sem utan þess.

2.2. Samningsaðilar eru sammála um að leiðir að markmiðunum séu eftirfarandi:

- 2.2.1 Að stofnunin setji sér mannauðsstefnu, í stað núverandi starfsmannastefnu, í samvinnu við starfsmenn sem jafnréttis- og fræðslustefna séu hluti af. Stofnunin, í samvinnu við fulltrúa starfsmanna, vinni markvisst að því að mannauðsstefnu sé framfylgt.
- 2.2.2 Að stofnunin vinni starfslýsingar fyrir alla starfsmenn, og endurskoði þær sem fyrir eru, þar sem fram kemur verksvið þeirra, ábyrgð og forsendur röðunar í starfaflokkum í samræmi við stofnanasamning.

3. Röðun í starfaflokkum

Launakerfi Vinnumálastofnunar byggist á eftirfarandi starfaflokkum:

Sérfræðingur 1 / atvinnuráðgjafi

Er sérfræðingur í tilteknum málaflokki og hefur umsjón með og ber ábyrgð á tilteknum verkefnum sem þó eru undir yfirumsjón annarra. Þjónustar innri og ytri viðskiptavini. Vinnur sjálfstætt að yfirgripsmiklum og flóknum, sérhæfðum verkefnum svo sem vinnumiðlun og ráðgjöf. Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin af yfirmanni sínum og falla að starfinu eða samkomulag er um. Ekki með mannaforráð eða fjárhagslega ábyrgð. Yfirmaður er deildarstjóri, forstöðumaður eða sviðsstjóri. Grunnmenntunarkrafa er 180 ECTS háskólapróf (BA/BS).

Ráðgjafi

Er ráðgjafi í tilteknum málaflokki og hefur umsjón með og ber ábyrgð á tilteknum verkefnum sem þó eru undir yfirumsjón annarra. Hefur kunnáttu og hæfni til að leiða verkefni og ákveða efnistöð í samráði við yfirmann. Hann undirbýr verkefnið sjálfstætt, sér um söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og túlkar niðurstöður. Hann á samskipti við tengiliði og gerir áætlanir í samráði við yfirmann. Hann hefur leiðbeiningaskyldu við aðra starfsmenn við úrlausn verkefna. Ekki með mannaforráð eða fjárhagslega ábyrgð. Yfirmaður er deildarstjóri, forstöðumaður eða sviðsstjóri. Menntunarkrafa ráðgjafa 240 ECTS það er að viðkomandi hafi lokið starfsréttindanámi og/eða Diploma eða meistaraprófi til viðbótar við 180 ECTS háskólapróf (BA/BS).

Verkefnisstjóri

Er sérfræðingur í tilteknum málaflokki sem ráðinn er til að hafa yfirumsjón með tilteknu verkefni. Vinnur sjálfstætt að flóknum og sérhæfðum verkefnum og ber ábyrgð á framgangi þeirra. Er ekki með mannaforráð. Yfirmaður er deildarstjóri, forstöðumaður eða sviðsstjóri. Grunnmenntunarkrafa verkefnisstjóra er 180 ECTS háskólapróf (BA/BS).

Sérfræðingur 2

Er sérfræðingur í tilteknum málaflokki og hefur umsjón með og ber ábyrgð á tilteknum verkefnum sem þó eru undir yfirumsjón annarra. Þjónustar innri og ytri viðskiptavini. Vinnur sjálfstætt að yfirgripsmiklum og flóknum, sérhæfðum verkefnum og hefur umsjón með framgangi slíkra verkefna. Hefur kunnáttu og hæfni til að velja verkefni og ákveða efnistöð í samráði við yfirmann og leiða verkefnið. Hann undirbýr verkefnið sjálfstætt, sér um söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og túlkar niðurstöður. Hann á samskipti við tengiliði og gerir áætlanir í samráði við yfirmann. Hann hefur leiðbeiningaskyldu við aðra starfsmenn við úrlausn verkefna. Ekki með mannaforráð eða fjárhagslega ábyrgð. Yfirmaður er deildarstjóri, forstöðumaður eða sviðsstjóri. Grunnmenntunarkrafa sérfræðings 2 er 180 ECTS háskólapróf (BA/BS).

Deildarstjóri 1

Hefur að jafnaði mannaforráð. Starfið felst í því að hafa umsjón með og stjórna þeim málaflokkum sem undir deildina heyra skv. skipuriti VMST eða þjónustuskrifstofa hennar. Hann skipuleggur verk- og tímaferla, deilir út verkefnum og hefur eftirlit með þeim og störfum undirmanna sinna. Hann hefur ríka leiðbeiningaskyldu við úrlausn verkefna og gætir þess að þau samræmist meginmarkmiðum stofnunarinnar. Hann er faglegur leiðbeinandi á sínu sviði gagnvart starfsmönnum og öðrum. Deildarstjóri 1 heyrir undir forstöðumann eða sviðsstjóra.

Deildarstjóri 2

Hefur að jafnaði mannaforráð. Starfið felst í því að hafa umsjón með og stjórna þeim málaflokkum sem undir deildina heyra skv. skipuriti VMST. Hann skipuleggur verk- og tímaferla, deilir út verkefnum og hefur eftirlit með þeim og störfum undirmanna sinna. Hann hefur ríka leiðbeiningaskyldu við úrlausn verkefna og gætir þess að þau samræmist meginmarkmiðum stofnunarinnar. Hann er faglegur leiðbeinandi á sínu sviði gagnvart starfsmönnum og öðrum. Hann er í samskiptum við samstarfsstofnanir innan- sem utanlands. Deildarstjóri 2 heyrir undir sviðsstjóra.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SKS", "HAF", "GJS", and "HAF".

Forstöðumaður 1

Ber ábyrgð á störfum annara starfsmanna, hefur umsjón með skipulagningu og samhæfingu tiltekinnar þjónustuskrifstofu skv. skipuriti VMST. Um er að ræða flókin verkefni sem krefjast faglegrar þekkingar, samskipta við ráðuneyti og stofnanir innanlands sem erlendis. Hann ber ábyrgð á starfsemi sinnar þjónustuskrifstofu gagnvart yfirstjórn VMST en heyrir undir sviðsstjóra. Forstöðumaður 1 hefur fimm undirmenn eða færri.

Forstöðumaður 2

Ber ábyrgð á störfum annara starfsmanna, hefur umsjón með skipulagningu og samhæfingu tiltekinnar þjónustuskrifstofu skv. skipuriti VMST. Um er að ræða flókin verkefni sem krefjast faglegrar þekkingar, samskipta við ráðuneyti og stofnanir innanlands sem erlendis. Hann ber ábyrgð á starfsemi sinnar þjónustuskrifstofu gagnvart yfirstjórn VMST en heyrir undir sviðsstjóra. Forstöðumaður 2 hefur sex undirmenn eða fleiri.

Sviðsstjóri

Stýrir tilteknu sviði skv. skipuriti VMST. Ber ábyrgð á störfum annara starfsmanna og umsjón með skipulagningu og samhæfingu allra starfseininga sem heyra undir svið hans. Um er að ræða flókin verkefni sem krefjast faglegrar þekkingar, samskipta við ráðuneyti og stofnanir innanlands sem erlendis. Hann ber ábyrgð á málaflokki síns sviðs gagnvart yfirstjórn VMST. Sviðsstjórar skipa yfirstjórnunarteymi VMST og eru staðgenglar forstjóra í málaflokki síns sviðs.

4. Lágmarkslaun

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera lágmarkslaun fyrir hvern starfaflokk:

Starfaflokkur:	Grunnröðun:
Sérfræðingur 1 / atvinnuráðgjafi með 180 ECTS	8. lfl.
Sérfræðingur 1 með 240 ECTS	9. lfl.
Verkefnisstjóri	10. lfl.
Ráðgjafi með 240 ECTS	10. lfl.
Sérfræðingur 2 með 180 ECTS	10. lfl.
Sérfræðingur 2 með 240 ECTS	11. lfl.
Deildarstjóri 1	11. lfl.
Deildarstjóri 2	12. lfl.
Forstöðumaður þjónustuskrifstofu m. 1-5 starfsmenn	15. lfl.
Forstöðumaður þjónustuskrifstofu m. 6 starfsmenn og fleiri	16. lfl.
Sviðsstjóri	17. lfl.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SAS", "B.S.", and others.

5. Álagsþrep sem bætast við vegna einstaklingsbundinna þátta

5.1. Fagleg reynsla

Fagreynsla er skilgreind sem samanlögð vinna starfsmanns við sitt starfssvið óháð vinnustað sem er metin við ráðningu til stofnunarinnar.

2 ára fagreynsla: 2 álagsþrep ofan á grunnflokkun

5.2. Álagsþrep vegna starfsaldurs:

Gert er ráð fyrir álagi á laun vegna starfsaldurs starfsmanns hjá Vinnumálastofnun sem hér segir:

Eftir 1 ár:	Eitt álagsþrep
Eftir 3 ár:	Tvö álagsþrep
Eftir 5 ár:	Þrjú álagsþrep
Eftir 8 ár:	Fjögur álagsþrep

Samtals getur starfsmaður hækkað um fjögur álagsþrep eftir 8 ára starfsreynslu hjá Vinnumálastofnun.

6. Aukin ábyrgð til lengri eða skemmri tíma

Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma er hann gegnir starfi hans sbr. grein 9.3.1 í miðlægum kjarasamningi.

7. Sérstök tímabundin umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun vegna sérstakra tímabundinna þátta, svo sem aukins álags. Umbunin getur verið allt að 30.000 kr á mánuði og greiðist jafn lengi, en ekki lengur, og áhrif umræddra tímabundinna þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstjóra og byggja á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum sínum.

8. Endurmat starfskjara / frammistöðumat

8.1. Í nóvember ár hvert skulu deildarstjórar/forstöðumenn/sviðsstjórar kalla undirmenn sína til samtals um starfskjör og frammistöðu. Í þeim samtölum skulu störf starfsmanns og launakjör metin og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækkunar á röðun hans. Starfsmaður getur farið fram á að fá röðun sína endurmetna hvenær sem er. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 9. gr. þessa stofnanasamnings.

8.2 Við mat á hæfni og frammistöðu starfsmanns skal m.a. taka tillit til eftirfarandi þátta:

- 8.2.1 Starfsmaðurinn sýni frumkvæði við að afla sér upplýsinga og þekkingar á vinnumálum.
- 8.2.2 Starfsmaðurinn sýni veruleg afköst.
- 8.2.3 Starfsmaðurinn sýni sérstaka hæfni til þess að fræða og leiðbeina samstarfsfólki sínu.
- 8.2.4 Starfsmaðurinn taki að sér verkefni sem fela í sér aukna ábyrgð og færni.
- 8.2.5 Starfsmaðurinn sýni sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu.

9. Samstarfsnefnd

- 9.1. Samstarfsnefnd skal komið á fót við undirritun þessa samnings sem hefur það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamnings og yfirlýstrar stefnu stofnunarinnar hvað varðar fræðslu-, jafnréttis- og mannauðsmál. Samstarfsnefndin skal skipuð samkvæmt gr. 11 í kjarasamningi aðildafélaga BHM og fjármálaráðuneytisins.
- 9.2. Samstarfsnefnd ber í fyrstu tveimur vikunum í október ár hvert að meta hvort yfirlýstri mannauðsstefnu stofnunarinnar sé framfylgt.

10. Gildistími og endurskoðun

- 10.1. Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. janúar 2013. Varðandi endurskoðun samningsins eða meðferð ágreiningsmála er vísað til gr. 11.4.3.1 og 11.4.3.2 í kjarasamningi aðildarfélaga BHM og fjármálaráðuneytisins.
- 10.2. Samstarfsnefnd ber í fyrstu tveimur vikunum í október ár hvert að endurskoða stofnanasamninginn og meta hvort ástæða sé til að semja um hann að nýju.



Reykjavík 22. mars 2013

f.h. Vinnumálastofnunar


Ólafur Pálsson
Sig. P. Sigmundsson

f.h. Félags íslenskra félagsvísindamanna

Hallgrímur Valur Þórhsson

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir

f.h. Fræðagarðs

Bjartmaría

f.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga

Helga S. Sigurðardóttir

f.h. Sálfræðingafélags Íslands

Þorgerður Rúnarsdóttir

f.h. Stéttarfélags lögfræðinga

Alida H. Fih.

f.h. Þroskaþjálfarafélags Íslands

Samfey E. Gissmannsdóttir



Bókun 1

Halda skal vinnuskipulagi innan Vinnumálastofnunar þannig að ekki komi til yfirvinnu meðal starfsmanna stofnunarinnar. Ekki er greitt fyrir yfirvinnu meðal félagsmanna í aðildarfélögum BHM sem starfa hjá Vinnumálastofnun nema að fyrir liggi samþykkt beiðni sviðsstjóra eða forstjóra stofnunarinnar.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um þá túlkun að tvær BS/BA gráður séu ekki sambærilegar og ein BS/BA gráða að viðbættri meistaragráðu og falli þar með ekki undir 240 ECTS.

Bókun 3

Eingreiðsla að upphæð kr. 30.000,- skal greidd til þeirra starfsmanna sem höfðu hafið störf hjá Vinnumálastofnun fyrir 1. september 2012 og eru enn við störf við undirritun samnings þessa. Greiðslan skal eiga sér stað við útborgun launa 1. maí 2013. Þeir sem eru í hlutastarfi skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Bókun 4

Það er samkomulag samningsaðila að vinnu að mannauðsstefnu og starfslýsingum, sem fjallað er um í lið 2.2 í þessum samningi, verði lokið fyrir 31. október 2013.

en
SJS MP
HJF JKH
H.P.L. B.E. 